

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. apríl 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-63/2011:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. júní 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni xx-000 þann 12. júní 2011. Í álitsbeiðni segir að seljandi bifreiðarinnar sé Y á Selfossi. Í gögnum málsins kemur fram að seljandi sé Y, Kópavogi hér eftir nefnt seljandi. Kröfur álitsbeiðanda á hendur seljanda eru að gert verði við pústkerfi á umræddri bifreið. Viðgerðin verði gerð honum að kostnaðarlausu og með varahlutum frá Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd bårust viðbótargögn frá álitsbeiðanda 15. júlí 2011. Með bréfi, dags. 16. ágúst 2011, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 30. ágúst. Þann 18. ágúst bårust andsvör seljanda. Með bréfi, dags. 26. október áframsendi nefndin þau andsvör til álitsbeiðanda. Með tölvubréfi, dags. 28. október barst svar álitsbeiðandi við andsvörum.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt nýja bifreið af gerðinni B þann 12. júní 2006 og var kaupverðið 3.539.999 kr. Álitsbeiðandi tók eftir því í mars 2011 að eitthvað væri að pústkerfi bifreiðarinnar. Þann 8. apríl 2011 fór hann með bifreiðina á verkstæði Y á Selfossi og bað um að pústkerfið væri skoðað. Í þeirri skoðun kom í ljós að samskeyti við hljóðkút voru í sundur. Þann 27. apríl 2011 hafði álitsbeiðandi samband við starfsmenn seljanda og var honum sagt að unnið væri í lausn á málinu. Álitsbeiðandi hafði aftur samband við seljanda í júní og var þá bent á Z í Hafnarfirði þar sem hann gæti fengið gert við pústið á eigin kostnað. Álitsbeiðandi hafði samband við Z sem könnuðust við vandamálið en höfðu ekki lausn á því. Töldu þeir að ekki yrði fundin lausn fyrr en um haustið 2011.

Álitsbeiðninni fylgdu tvær myndir sem teknar voru við skoðun bifreiðarinnar 8. apríl 2011. Á þeim sést að samskeyti við hljóðkút eru ryðguð allan hringinn. Auk þess kemur þar fram sú skoðun álitsbeiðanda að eðlilegur endingartími á pústkerfi B bifreiða sé 10-12 ár.

IV

Andsvör seljanda og athugasemdir álitsbeiðandi

Í andsvörum seljanda kemur fram að mál álitsbeiðanda hafi verið skoðað og var niðurstaða seljanda að pústkerfi félli utan við 5 ára ábyrgð. Í svarinu segir orðrétt:

„Það er okkar álit að ef krafa er gerð á að hlutur sem pústkerfi bifreiðar eigi að endast í 5 ár eða lengur þarfnist 5 ára kvörtunarréttur verulega betri skilgreiningar. Við erum að tala um pústkerfi undir bifreið, sem er að hitna og kólna á víxl við allskonar aðstæður þ.m.t. snjó,

bleytu, salt, steinkast o.s.frv.. Það er engann veginn hægt að ábyrgjast hlut sem þennan í svo mörg ár og sem dæmi má nefna að þetta er einn af mjög fáum hlutum undanskildum í 5 ára ábyrgð Y og fellur þ.a.l. undir 3 ára ábyrgð framleiðanda.

A sem sér um meðhöndla kvartanir og ábendingar hjá Y skýrði þetta út fyrir X í samtali við hann í júní s.l. eftir að hafa skoðað mál hans.

Við höfnum alfarið að gangast við þessari kröfu X.“

Í athugasemdum álitsbeiðanda, við ofansögðum andsvörum seljanda, kom fram að andsvörin hafi ekki komið honum á óvart og vísaði hann í fyrri greinargerð sína.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög um neytandakaup nr. 48/2003.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 þann 12. júní 2006. Bifreiðin er árgerð 2006. Álitsbeiðandi kvartaði við seljanda í mars 2011 vegna bilunarinnar, en þá voru tæp fimm ár liðin frá því að álitsbeiðandi fékk bifreiðina afhenta.

Í 15. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um það hverja eiginleika söluhlutur eigi að hafa. Segir þar m.a. að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Ef söluhlutur fullnægir ekki þessum skilyrðum, telst hann gallaður samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga. Í því tilviki að söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varðar, sbr. ákvæði í 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga, getur neytandinn átt rétt á úrbótum.

Komi fram galli á söluhlut verður neytandi að tilkynna seljanda innan ákveðinna tímamarka að hann muni bera fyrir sig galla á söluhlutnum en geri hann það ekki glatar hann rétti gagnvart seljanda vegna gallans. Í 27. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um þessi tímamörk. Í greininni kemur fram að ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Aftur á móti ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr., sem að framan er rakin, er hinn almenni kvörtunarfrestur neytanda tvö ár frá þeim tíma talið að hann fékk söluhlut afhentan. Hins vegar er kvörtunarfresturinn fimm ár sé um að ræða söluhlut eða hluta hans sem ætla má að endist verulega lengur en almennt gerist um söluhluti. Álitsbeiðandi kvartaði undan bilun í bifreiðinni þegar hún var tæplega fimm ára gömul. Tilkynning til seljanda barst eftir að tveggja ára kvörtunarfrestur var liðinn. Það verður því að taka afstöðu til þess hvort pústkerfi sé ætlaður er verulega lengri endingartími en öðrum söluhlutum í skilningi 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga.

Ending pústkerfa er háð notkun, umhverfi og ökulagi hvers og eins. Það er álit kærunefndarinnar að almennt falli pústkerfi ekki undir fimm ára kvörtunaregluna heldur eigi tveggja ára reglan við. Álitsbeiðandi kvartaði vegna gats á pústkerfi eftir að lengri tími en tvö ár var liðinn frá afhendingu bifreiðarinnar. Því verður að hafna kröfu hans.

VI

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir